

## Framkvæmda og innra gæðamat í Grundaskóla 2018 - 2019

Viðburðir í skólanum eru margir og skólastjórn kallar eftir athugasemdum um það sem gekk vel og hvað má betur fara eftir. Umsagnaraðilar geta verið starfsfólk, nemendur, foreldrar og samstarfsaðilar hverju sinni. Innra gæðamat Grundaskóla skiptist í tvo hluta. Annars vegar uppgjör ákveðinna framkvæmdaratriða eða viðburða og hins vegar skipulagðar kannanir eða úttekta sem framkvæmdar eru reglubundið. Niðurstöður geta einnig kallað á sérstaka skoðun eða ígrundun sem fer þá fram í skólastjórn eða sérskipuðu teymi starfsmanna, nemenda eða jafnvel foreldra.

- Hér má sjá stutt yfirlit yfir verkefni skólaársins 2018-2019.
- Fyrir neðan má sjá reglubundna innri gæðamatsáætlun skólans sem að jafnaði nær yfir 3-4 ár. Ólíkt er eftir verkefnum hvernig unnið er úr matsverkefnum. Stærri samantektir eru kynntar opinberlega. Báðar þessar áætlanir eru í reglubundinni endurskoðun.

Viðburður	Uppgjör	Gott eða má bæta - punktar	Fylgiskjöl
Skólasetning	Skólastjórn	<b>Gott:</b> Passlega langt, Tónlistarflutningur skapar skemmtilegan og hátíðlegan blæ. <b>Má bæta:</b> Athuga með hópaskiptingu. Fjöldi foreldra með yngstu börnunum er langt um fjölmennari en hjá þeim eldri. Sjá minnispunkta deildarstjóra. <b>Aths.</b> Ræddum um að hafa 1. bekk alveg sér á næsta ári, það eru svo margir sem fylgja þeim- fyrsti skóladagurinn þeirra	Dagskrá og skipulag.
Göngum í skólann	Skólastjórn	<b>Gott:</b> Frábært skipulag og eftirfylgd hjá heilsueflingarteymi. Foreldrar, starfsmenn og nemendur jákvæðir fyrir verkefninu.	Sjá skipulag

		<p><b>Má bæta:</b> Við styttum gönguna vegna veðurs, verðum að fjárfesta í gjallarhorni. Skipulag í íþróttahúsi til fyrirmyndar. Vinabekkirnir gengu mjög vel, 1.- 10., 2. -6., 3. - 7., 4. - 8. og 5. - 9.</p>	
<b>Skólahlaupið</b>	Íþrk. skólastjórn	<p><b>Gott:</b> Frábær virkni og þátttaka. Hentar vel að hafa þessa hlaupaleið og velja dag eftir veðurspá. Skipulag á vatnsstöðvum betra en í fyrra og ekkert vandamál með frágang. Hrósa á heilsueflingarteymi og íþróttakennara.</p> <p><b>Má bæta:</b> Reyna að virkja eldri nemendur til að fylgja þeim yngri. Við þurfum að virkja betur þá starfsmenn sem eru ekki að hlaupa eða ljúka hlaupi snemma – of margir voru á spjallinu sem hefðu getað aðstoðað við ávexti eða vatnið- einnig frágang</p>	Sjá skipulag
<b>Haustfundir með foreldrum</b>	Skólastjórn	<p><b>Gott:</b> Frábær mæting á báða fyrirlestra. Lengd og tímasetning koma vel út. Góðir fyrirlestrar sem féllu í góðan jarðveg.</p> <p><b>Má bæta:</b> Spurning hvort það eigi að skipta hópnum í þrennt því yngsta og miðstig sprengir salinn. Fólk stóð á ganginum og meðfram veggjum. Einnig þarf að hvetja fólk til að leggja bifreiðum við íþróttamiðstöðina því stæði skólans bera ekki þennan bílafjölda.</p> <p><b>Aths.</b> Ákveðið að taka málið til frekari skoðunar á deildarfundum og leita eftir afstöðu skólaráðs og foreldrafulltrúa.</p>	Sjá dagskrá og skipulag.

<b>Haustþing kennara</b>	Skólastjórn trúnaðarmenn	<p><b>Gott:</b> Metnaðarfull dagskrá og góður undirbúningur að hálfu stjórnar Kennarafélags Vesturlands. Ánægjulegt hversu margar málstofur eru undir verkstjórn okkar kennara.</p> <p><b>Má bæta:</b> Of margir boða forföll á þessum degi. Þá er óásættanlegt að skipulagsdagur sé látinn undir þetta þing og stór hluti kennara yfirgefur ráðstefnustað eftir hádegið.</p> <p><b>Aths:</b> Skólastjóri mun taka málið formlega upp á kennarafundi. Einnig verður fundað með trúnaðarmönnum og formanni Kennarafélags Vesturlands. Tillaga er um að endurskoða dagsetningu fyrir næsta ár auk þess sem skerpt verður á mætingarskyldu. Könnun lögð fyrir kennara til að kanna viðhorf til þessa þings. Framhaldið skipulagt í samstarfi SKÓV og KV.</p>	Dagskrá og skipulag
<b>Busaball unglinga</b>	FE, IH	<p><b>Gott:</b> Gekk mjög vel.</p> <p><b>Má bæta:</b> Upp kom smá vandamál með eldri gesti sem komu að skólahúsnæðinu. Þetta hefur ekki verið neitt vandamál í nokkur ár en þarf að skoða í frmhaldinu.</p> <p><b>Aths.</b> Kanna viðhorf NFG og NFB til málsins.</p>	Sjá félagsmálatal og dagskrá.
<b>Samræmd próf 7.b</b>	IÖ, EPS, MÁ	<b>Gott:</b> Framkvæmd gekk vel. Vel undirbúið hjá starfsmönnum og kennurum.	Sjá skipulag.

		<p><b>Má bæta:</b> Skoða betur skiptingu nemenda í stofur (sérstofur). Einn og einn nemandi nær að svara án þess að yfirseta náí að kanna hvort blessa framkvæmd. Skoða þarf skráningu í undanþágur.</p> <p><b>Aths.</b> Árangur í stærðfræði er líkt og fyrri ár góður en íslenskan er ekki að toppa. Við eigum að geta gert betur þar. Ákveðið að stofna teymi íslenskukennara sem skoðar hvernig bæta megi árangur skólans í Íslensku. Vænst er niðurstöðu fyrir haustið 2019.</p>	
Samræmt próf 4.b	IÖ. EPS, KDM	<p><b>Gott:</b> Gekk mjög vel líkt og í 7. bekk</p> <p><b>Má bæta:</b> Sömu álitaefni og eru í 7. Bekk. Íslenskan er ekki að ná flugi. Leita þarf skýringa. Teymi falið að fylgja málinu eftir með skólastjórn í samstarfi við MMS.</p>	Sjá skipulag.
Samræmd próf 9.b	IÖ. EPS, FE	<p><b>Gott:</b></p> <p><b>Má bæta:</b></p>	Skólastjórn
Dagur ísl tungu	Skólastjórn	<p><b>Gott:</b> Við hefum upplestrarkeppnina hjá 7. bekk þennan dag- sigurvegari frá árinu áður les og segir frá sinni upplifun.</p> <p><b>Má bæta:</b> Hugsanlega getum við virkja yngri nemendur betur og byggt undir litlu upplestrarkeppnina á yngsta stiginu.</p> <p><b>Aths.</b> Vísa til frekari umræðu á deildarfundum. Mættum gera meira úr þessum degi á yngsta stigi. Árgangar hafa verið að vinna mismunandi verkefni en við</p>	Minnisblöð deildarstjóra

		mættum gera meira úr afrekstrinum t.d. samvera/skemmtun/söngstund í sal.	
<b>Spurningakeppni</b>	IÖ	<b>Gott:</b> Frábær samvinna hjá bóksafnverði, kennurum og nemendum. Þessi keppni ítir sannarlega undir lestur og umræður um bækur og rithöfunda. <b>Má bæta:</b> Spurning hvort virkja megi eldri nemdnur tengt þessari keppni. Hérna mætti virkja fleiri starfsmenn til að aðstoða Ingu og hún verður að vera með	IÖJ
<b>Upplestrarkeppni</b>		<b>Gott:</b> Fyrirkomulagið var gott og mikið og gott samstarf milli skólanna <b>Má bæta:</b> Það má virkja kennara betur – of mikið á herðum deildarstjóra	Minnisblað deildarstjóra
<b>Forvarnardagurinn</b>	Skólastjórn	<b>Gott: Var hann haldinn?</b> <b>Má bæta:</b>	
<b>Fjölskyldustund skólakórs</b>	VJ	<b>Gott:</b> Frábær uppsetning og skemmtun. Mikið hrós á VJ og skólakórinn. Samstarf við tónlistarmann bæði gagnlegt og skemmtilegt. <b>Má bæta:</b> Hugsa hvernig má endurtaka þetta og byggja upp viðburð og efla kórstarf skólans <b>Aths.</b> Grundaskóli býður fram húsnaði og aðstöðu fyrir landsmót skólakóra vorið 2019.	VJ
<b>Málþing nemenda</b>	IH, FE	<b>Gott:</b> <b>Má bæta:</b>	
<b>Ævar vísindamaður</b>		<b>Gott:</b> Velheppnaður fyrirlestur og kynning. Ævar náði vel til nemenda.	IÖJ

		<p><b>Má bæta:</b> Við þurfum að passa upp á ef höfundar eru að fara í báða skóla að það sé nægilegur tími á milli. Við þurfum að bíða í 30 mínútur með fullan sal af nemendum. Sammi bjargaði okkur með gítar og söng</p>	
<p><b>Kynningarfundur með verðandi foreldrum í 1. bekk</b></p>	KDM	<p><b>Gott:</b> Fundurinn var áður haldinn að vori eftir skólalok en hefur nú verður færður fram í ágúst (rétt fyrir skólabyrjun). Kennurum finnst það betri kostur því þá gleymast ekki upplýsingarnar í sumarfríinu.</p> <p><b>Má bæta:</b> Kennurum í 1. bekk finnst að bæta megi við öðrum fundi fljótlega eftir skólabyrjun (þá farnir að þekkja nemendur og hópana betur).</p>	<p>Minnisblað deildarstjóra</p>
<p><b>Þorgrímur Þráinsson</b></p>	FE	<p><b>Gott:</b> Frábær fyrirlesari. Virkilega vel heppnuð heimsókn og kynning.</p> <p><b>Má bæta:</b></p>	<p>Minnisblað deildarstjóra</p>
<p><b>Baráttudagur gegn einelti</b></p>	Skólastjórn	<p><b>Gott:</b> Eineltisteymið sá um skipulagið. Vinabekkir. Eldri og yngri nemendur gerður hendur með vinaorðum og nutu samverunnar með spjalli, spilum og leik.</p> <p><b>Má bæta:</b> Gætum unnið meira með hugtakið einelti (fá eldri nemendur til að útskýra hvað einelti felur í sér fyrir þeim yngri)</p>	<p>Minnisblað deildarstjóra</p>
<p><b>Bæjarfundur unga fólksins</b></p>	FE, IH	<p><b>Gott:</b> Nemendur stóðu sig vel.</p> <p><b>Má bæta:</b> Við þurfum að ná meiri tengingu við þennan viðburð. Undirbúningur fer í gegnum Arnardal og tillögur tengjast ekkert sérstaklega skólanum. Þá er algjörlega</p>	<p>Umsjón Arnardalur . upptaka</p>

		<p>nauðsynlegt að amk. einn ftr. skólastjórnar mæti á þennan fund.</p> <p><b>Aths.</b> Deildarstjóri og kennarar á unglingastigi undirbúi betur þennan viðburð í samstarfi við NFG. Mikilvægt að það sé fulltrúi frá skólastjórn á þessum viðburði</p>	
<b>Malavímarkaður</b>	Skólastjórn	<p><b>Gott:</b> Sérlega vel heppnaður viðburður. Fólksfjöldinn var sennilega helsta vandamálið. Slæm veðurspá hjálpaði þar sem margir foreldrar komust ekki suður í vinnu.</p> <p><b>Má bæta:</b> Hugmyndin að breyta krónum í gull snýst um að halda efniskostnaði niðri. Kostnaður vegna efniskaupa hefur vaxið of mikið. Þetta þarf að skoða betur í undirbúningsferlinu. Einnig verðum við að reyna að virkja eldri nemendur betur og í fleiru en kaffihúsinu.</p> <p><b>Aths.</b> Unglingadeildin getur hjálpað meira til við að útbúa hluti og byrjað fyrr - þau byrjuðu alltof seint þetta árið. Hugmynd kom upp um að bæta við nokkrum vel með förnnum nytjahlutum á markaðinn. Taka fyrir á deildarfundum unglingastigs.</p>	Sjá minnisblað um Malaví.
<b>Gistinótt unglunga</b>	IH, FE	<p><b>Gott:</b> Gekk ágætlega en aðsókn var minni en reiknað var með.</p> <p><b>Má bæta:</b> Það er ekki mikil eftirspurn eftir þessu verkefni og margir fóru heim síðla kvölds. Þetta þarf að ræða og endurskipuleggja í samstarfi við félagsmálafulltrúa og NFG.</p>	Ath skýrslu

		<p><b>Aths.</b> Gott að ræða áherslur um aukið félagsmálastarfá skólatíma í stað kvöldvinnu sem á frekar heima í Arnardal. Er þetta ekki barn síns tíma. Þjóða frekar upp á skemmtilega dagskrá til miðnættis!!</p>	
<b>Leiksýningin Fríða og Dýrið</b>	FE, EV, GSH	<p><b>Gott:</b> Virkilega flott verk og vel unnið. Styrkleiki hversu margir nemendur tóku þátt. Breiður hópur og vel unnið <b>Má bæta:</b> Nokkuð skortir á frágang s.s. tengt málningarvinnu. Hugsanlega getur NFG skapað auknar tekjur fyrir Malaví með að halda almenna sýningu og selja inn. Gott að ræða þetta fyrir haustið 2019. <b>Aths.</b> Frábær hugmynd að tengja uppsetninguna við Uppeldisstefnuna og vinnu tengt stóra þemanu í janúar. Vel unnið úr verkinu hjá teymi kennara.</p>	Samantekt umsjónarmanna.
<b>Skapandi skrif</b>	MÁ	<p><b>Gott:</b> Þetta verkefni var virkilega vel heppnað og nemendur tóku virkan þátt. <b>Má bæta:</b> Örugglega eftirfylgnina – eru kennarar að nýta sér þetta í kennslunni? Mikilvægt að tryggja sem mesta tengingu frá átaksverkefnum og daglega starfi. Hver er yfirfræslan. <b>Aths.</b> Fylgjum þessu eftir á deildar og árgangafundum.</p>	Samantekt deildarstjóra
<b>Málstofur</b>	Skólastjórn	<b>Gott:</b> Góð þátttaka og fjólbreytt efni tekið fyrir. Ánægja með fyrirkomulag meðal kennara og annars starfsfólks.	Yfirlit um málstofur 2018 -2019

		<p><b>Má bæta:</b> Nokkrir kennarar hafa ekki mætt á málstofu og ekki lagt fram efni til umfjöllunar. Ætlast er til þátttöku í þessum málstofum sbr. símenntunaráætlun.</p> <p><b>Aths.</b> Skólastjórn ræði þetta í viðtölum við kennara og í starfsmannasamtölum.</p>	
<b>Bókun 1</b>	Skólastjórn	<p><b>Gott:</b> Mjög vel heppnuð vinna og gott samstarf milli allra aðila. Að mestu leiti gengið eftir og sátt um fyrirkomulag.</p> <p><b>Má bæta:</b> Hugsanlega hefði mátt kynna vinnuna aftur fyrir kennurum. Var rætt á kennarafundi og í teymi. Snjóar fljótt yfir ef ekki er haldið fókus.</p>	Skýrsla
<b>Bókakynningar</b>	IÖ	<p><b>Gott:</b></p> <p><b>Má bæta:</b></p>	IÖJ
<b>Ljósinn hans Gutta</b>	Skólastjórn	<p><b>Gott:</b> Mikil og góð þátttaka. Frábært verkefni og hugmynd í anda Gutta. Getum verið sátt að vera upphafsmenn að þessu stóra verkefni.</p> <p><b>Má bæta:</b> Við höfum ekki alveg náð utanum þátttöku nemenda. Hvað ætlum við okkur með þetta verkefni. Hugmyndin er stór barnamenningarhátíð. Kórinn er virkur en þetta tengist enn lítið stefnu skólans eða öðrum verkefnum.</p> <p><b>Aths.</b> Stofna teymi sem skoðar þetta fyrir næsta skólaár. Gaman að nýta Ljósinn tengt t.d. vorþema eða október</p>	Skýrsla verkefnateymis

		þema. Við eigum ljósín en höfum ekki nægjanlega góða yfirsýn. Hver ber ábyrgð og heldur utanum þetta?	
Útvarp Akraness	Skólastjórn	<p><b>Gott:</b> Nemendur stóði sig mjög vel og kennarar fylgdu verkefninu vel eftir í ár.</p> <p><b>Má bæta:</b> getum við tengt þetta betur við íslenskukennsluna eða lestrarkennslu yfirleitt. Helgarvinna heillar ekki kennara þannig að við verðum að huga að upptökum á skólatíma.</p> <p><b>Aths.</b></p> <p>Hvernig getur þetta verkefni tengst áformum um skólaútvarp og upptökuver?</p> <p>Mikilvægt að þetta verkefni liggi ljóst fyrir í upphafi skólaárs- við ætlum að taka þátt.</p>	Samantekt umsjónarkennara
Jólahátíð/litlu jólin	Skólastjórn	<p><b>Gott:</b> Góð þátttaka og flott verk. Dómnefnd vann gott verk.</p> <p><b>Má bæta:</b> Þurfum að endurskoða þessa keppni. Skólinn sendir ekki lengur hefðbundin jólahátíð þannig að þessi keppni er meira hefð en raunverulegt verkefni.</p> <p><b>Aths.</b></p> <p>Spurning að kanna með rafræna útgáfu.</p> <p>Kalla eftir umræðu í hópi kennara og nemenda. Vísa málinu á deildarfundi og til nemendaráðs.</p>	Skýrsla
Jólahátíð/litlu jólin	Skólastjórn	<p><b>Gott:</b> Gekk mjög vel. Unglingardeildin fær hrós fyrir góða þátttöku og aðstoð með yngri nemendum. Gaman að sjá</p>	Sjá dagskrá og samantekt.

		<p>hversu margir foreldrar mættu. Tímasetningar gengur vel eftir.</p> <p><b>Má bæta:</b> Við verðum að kaupa nýtt jólatré og endurskoða skreytingar. Núverandi tré er of lítið og tengingar valda vandræðum.</p> <p><b>Aths.</b> Ræða hvernig við hugsum aðkomu foreldra. Gaman að gefa þeim tækifæri til að vera með. Það kallar hugsanlega á breytingar hvað varðar skiptingu.</p> <p>Eigum við að þrískipta jólaballinu og horfa til vinabekkja?</p>	
<b>Haust vitnisburður</b>	Skólastjórn	<p><b>Gott:</b> Gekk mjög vel. Skráning góð og dreyfing eðlileg. Margar góðar ábendingar bárust.</p> <p><b>Má bæta:</b> Uppgjör frá kennurum dróst í sumum tilfellum úr hófi. Ramma þarf inn skil á uppgjöri strax í haust eða alla vega fyrir vitnisburðartímabil. Einnig þarf að skoða hvaða upplýsingar liggja fyrir inni í mentor. Forskoðun bendir til að þetta verði að skoða betur.</p> <p><b>Aths.</b> Gott að gera tilraun með breytt form. Reyna að auka virkni nemenda og valdefla þau í umræðunni. Lagt til að tilraun verði gerð í febrúarvitnsiburði og í framhaldinu skoðaðar breytingar fyrir haustið 2019 ef vel tekst til. Ræða í viðtölum við árganga des-jan. Skipað verði námsmatsteymi vorið 2019 til að skoða notkun og nýtingu á Mentor. Teymið skili niðurstöðu fyrir</p>	Sjá uppgjörblöð og samantekt.

		<p>varið. Vitnisburðurinn var of seint – flott að hafa hann í okt.</p>	
<b>Samsöngur</b>	Skólastjórn	<p><b>Gott:</b> Skemmtileg samverustund sem við eigum að rækta. Löng hefð sem gefur marga möguleika til að vinna með hópinn.</p> <p><b>Má bæta:</b> Við þurfum að ræða þetta verkefni. Hver á að sjá um þennan samsöng og undirbúa hann. Hvert er hlutverk NFG? Hvernig tengist samsöngur náminu?</p> <p><b>Aths.</b></p> <p>Virkni elstu nemenda er ekki jafn mikil og í fyrra. Kennarar verða einnig að sýna gott fordæmi með virkri þátttöku.</p> <p>Þetta verkefni þarf að rífa upp og gera betur. Þurfum að ræða á deildarfundum. Við þurfum að fjölga þeim- vantar upp á þetta á miðstiginu, hvernig viljum við hafa þetta?</p>	Minnisblað deildartjóra
<b>Stærðfræðikeppni FVA</b>		<p><b>Gott:</b> Góð keppni fyrir unglíngadeildina.</p> <p><b>Má bæta:</b> Við erum í lægð með þetta. Áhugi kennara og nemenda er lítill. Algjört metnaðarleysi í gangi.</p> <p><b>Aths.</b></p> <p>Verðum að taka umræðu um þátttöku og mikilvægi. Enginn sem tekur frumkvæði tengt umsjón eða undirbúningi eftir að Borghildur hætti.</p> <p>Tengist þetta slakari árangri á samræmdum prófum í unglíngadeild?</p> <p>Hvað er til ráða?</p>	Samantekt FVA

Hönnun og stíll	Verk- listgreinar	<p><b>Gott:</b> Skemmtilegt verkefni sem höfðar til hóps sem er ekki beint virkur í öðrum verkefnum. Mikilvægt að styðja áfram við þetta verkefni. Flott vinna hjá kennara.</p> <p><b>Má bæta:</b> Mættum kannski gera meira úr þátttöku okkar. Tilvalið að taka umræðu við nemendaráð varðandi þetta. Þetta má vera miklu sýnilegra hjá okkur- kynna yngri nemendum</p>	Minnispunktur Eygó
Púlsinn skólablað		<p><b>Gott:</b> Flott blað sem veitir mikilvægar upplýsingar um skólastarfið Útgáfan skráir einnig sögu skólastarfs ískólanum. Flott vinna og umsjón.</p> <p><b>Má bæta:</b> Virkni og ábyrgð kennara og nemenda mætti vera betri. Vinnan er komin of mikið á hendur skólastjórnar. Ný persónuverndarlög íþyngja einnig ferlinu.</p> <p><b>Aths.</b> Mikilvægt að ræða á deildar- og kennarafundum. Hérna skortir virkilega á virkni kennara/starfsmanna – eru að draga lappirnar alltof mikið- of mikil vinna fer í að reka á eftir starfsfólki</p>	Púlsinn 2018
Félagsstörf		<p><b>Gott:</b></p> <p><b>Má bæta:</b></p>	Ath skýrslu félagsmálafulltrúa
Spegillinn dagbók		<p><b>Gott:</b> Góð nýting á bókinni á mið- og yngsta stigi. Mikilvæg upplýsinga og samskiptabók við heimili.</p>	Spegillinn

		<p><b>Má bæta:</b> Endurskoða hvaða upplýsingar eru í bókinni. Er eitthvað sem við getum gert betur eða þarf að breyta í ljósi nýrra aðstæðna. T.d. upplýsingar um mentor o.fl.</p> <p><b>Aths.</b> Hvar er unglingadeilin í þessi tengt rafrænum samskiptum? Ræða á deildarfundum</p>	
<b>Námshagnakaup</b>		<p><b>Gott:</b> Góð námshögn og frábær þjónusta frá byrgi. Við höfum náð vel utanum þetta verkefni og staðist fjárhagsáætlun. Ánægja innan skólasamfélagsins með þennan þátt.</p> <p><b>Má bæta:</b> Hugsanlega kann að vera skynsamlegt að skoða reynslu annarra skóla. Einnig gera verðkönnun og gæðasamanburð.</p> <p><b>Aths.</b> Skoða vinnu Sambands sveitarfélaga með þetta verkefni. Það vantar upp á utanumhald hjá kennurum á eldri stigum – of lítil virðing borin fyrir dótinu. Það þarf að skerpa á að nemendur á unglinga og miðstiginu koma með sín pennaveski, blýanta og strokleður</p>	Gögn um innkaup og verðlag.
<b>Frístund</b>		<p><b>Gott:</b> Uppskipting á milli 1. og 2 bekkjar annars vegar og 3. og 4. bekkjar hins vegar hefur gefist vel. Samstarf við Þorpið hefur einnig tekist vel. Nýjar reglur og gæðaviðmið fyrir frístundastarf er frábær viðbót. Frístundin hefur styrkst mikið og ánægja með starfið sbr. kannanir og</p>	Gæðaviðmið um frístundastarf. Minnisblöð-deildarstjóra

		<p><b>Má bæta:</b> Við mætum reyna að virkja deildarstjóra frístundar betur inni í stjórnun stofnunarinnar. Þurfum að fínslípa aukið starfshlutfall og breytingar á deildarstjórn.</p> <p><b>Aths.</b> Taka upp á skipulagsdögum og endurskipuleggja við undirbúning næsta skólaárs. Eftirfylgd SAS</p>	
Skjalavistun og myndaskráning.		<p><b>Gott:</b> Skjalavistunaráætlunin er klár og við höfum náð mikilvægum skrefum í vinnsluferlinu. Mikið af eldri gögnum eru komin í skjalavörslu skjalasafns.</p> <p><b>Má bæta:</b> Hafa skráð verkferli um hvernig við skilum skjölum fyrir hvert ár.</p> <p><b>Aths.</b> Ræða á skipulagsdögum vorið 2019 og reyna að festa niður skýrt verkferli s.s. varðandi skil á einkunnum og fylgisgögnum.</p>	Skjalavistunaráætlun
Fundir með kennarahópum	Skólastjórn	<p><b>Gott:</b> Virkilega góður fundir. Við höfum heimsótt alla hópa og náað að fylgja eftir ákvörðunum í kjölfarið.</p> <p><b>Má bæta:</b> Við þurfum að festa þessa fundi niður strax í starfsáætlun. Einnig gæti skólastjórn skipt sér upp þannig að yfirferð og úrvinnsla gangi hraðar fyrir sig.</p> <p><b>Aths.</b> festa skipulag strax haustið 2019.</p>	Úrvinnslublöð funda
Uppgjör vitnisburðarviðtala	Skólastjórn	<p><b>Gott:</b> Mikilvægt að uppgjör og ábendingar berist til skólastjórnar. Margar góðar og málefnalegar ábendingar.</p>	

		<p><b>Má bæta:</b> Uppgjör í einstökum árgöngum berst of seint. Ræða þarf þetta verkferli og mikilvægi þess í kennarahópnum.</p> <p><b>Aths.</b> Ræða á deildarfundum</p>	
<b>Ungt fólk</b>		<p><b>Gott:</b></p> <p><b>Má bæta:</b></p>	
<b>Persónuvernd skjalavistun</b>	- Skólastjórn	<p><b>Gott:</b> Við höfum hægt og bítandi náð betri tókum á ýmsum þáttum. T.d. skjalaskápar og skjalavistun að komast í gott ferli. Undirritun foreldra og flokkun gagna. Vinnsluskrár og vinnslusamningar.</p> <p><b>Má bæta:</b> Að allur starfsmannahópurinn verði öruggari varðandi þessa nýju persónuverndarlög.</p> <p><b>Aths.</b> Hafa námskeið um persónuverndarlögin á vormánuðum og í síðasta lagi næsta haust. Verðum að finna fréttáflutningi úr skólastarfinu betri farveg en mikill missir er eftir að facebook datt út. Myndatökur hafa fallið mikið niður og einnig dagleg skráning og mat. Ræða á árganga og deildarfundum.</p>	Minnisblöð og öryggisáætlun. Gögn persónuverndarfulltrúa.
<b>Mentor Upplýsingar og skráning</b>	Skólastjórn	<p><b>Gott:</b> Kerfið á að geta haldið utanum upplýsingaveitu til foreldra varðandi nám barna.</p> <p><b>Má bæta:</b> Hér virðist skorta nokkuð upp á samræmingu milli árganga og vinnslu upplýsinga. Umræður á</p>	Umbótaáætlun

		<p>deildarfundum og skilaboð skólastjórnar hafa ekki skilað nægjanlegum árangri.</p> <p><b>Aths.</b> Skólastjórn semur umbótaáætlun og skipar teymi til að koma málum í betri farveg. Ritstýra þar hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar og með hvaða hætti þær eru settar inn. Svona á Mentor að vera. Sjá umbótaáætlun</p>	
<b>Bókasafn upplýsingaver</b>	- Skólastjórn	<p><b>Gott:</b> Margar góðar hugmyndir komið frá skólasamfélaginu um breytingar á bókasafninu. Skólastjórn hefur gengið vel að safna fjármagni og kosta breytingar.</p> <p><b>Má bæta:</b> <b>Aths.</b> Umbótaáætlun klár Verkátun hafin. Mikilvægt að kynna áfram í skólasamfélaginu. Taka fyrir á fundi skólaráðs í feb.</p>	Verkátun minnisblað -
<b>Stórt þema</b>	Teymi Uá	<p><b>Gott:</b> <b>Má bæta:</b></p>	Minnisblað
<b>1.B leiksýning í Tónbergi</b>	KDM	<p><b>Gott:</b> <b>Má bæta:</b></p>	
<b>Vorþema</b>	Deildarstjórar	<p><b>Gott:</b> <b>Má bæta:</b></p>	

<b>Bakstursnámskeið foreldra og nemenda</b>	KL	<b>Gott:</b> <b>Má bæta:</b>	Minnisblað
<b>Lokaferðalag</b>	Deildarstjórar	<b>Gott:</b> <b>Má bæta:</b>	
<b>Skólaslit</b>	Skólastjórn	<b>Gott:</b> <b>Má bæta:</b>	
<b>Skipulagsdagar (vor)</b>	Skólastjórn	<b>Gott:</b> <b>Má bæta:</b>	